

**Grálúða:**

Heilfryst .....	69.95
Blokk, U.S.S.R. ....	75.87
Heilfrystur fiskur .....	34.85

Verðbil verði 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 13. mars 1975.*

**F. h. r.**  
**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

Nr. 82.

7. mars 1975.

**G J A L D S K R Á**

fyrir gatnagerðargjald A í Ísafjarðarkaupstað.

**1. Gjaldstuðlar.****1.1. Gjaldstuðlar til A-gjalds.**

Einbýlishús rúmmál allt að 550 m <sup>3</sup> .....	7.0%
Einbýlishús rúmmál umfram 550 m <sup>3</sup> .....	10.0%
Tvíbýlishús 2 hæðir .....	4.5%
Þrúbýlishús 3 hæðir .....	4.0%
Fjölbýlishús .....	1.8%
Par-, rað-, og keðjuhús 1 hæð .....	6.0%
Par-, rað-, og keðjuhús 2 hæðir .....	4.5%
Stallahús .....	5.0%
Verslunar- og skrifstofuhús .....	8.0%
Skemmubyggingar 1 hæð .....	3.0%
Annað atvinnuhúsnæði .....	2.5%
Allar byggingar á fyllingu og þar sem fjarlægja þarf mannvirki á kostnað bæjarsjóðs .....	10.0%

**1.2. Athugasemdir við 1.1.**

Af kjöllurum, jarðhæðum og rishæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnureksturs svo og bifreiðageymslum skulu gjöld samkvæmt 1.1. vera 50% af gjaldsúðli viðkomandi húss.

**2. Gjaldeining og vísitöluákvæði.**

2.1. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu miðuð við byggingarkostnað „vísitöluhússins“ og er sá kostnaður kr. 13.525,00 per rúmmetra miðað við vísitölu 1455 stig 1. janúar 1975.

2.2. Bæjarstjórn skal vera heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana sbr. grein 1.1. hvern um sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

### 3. Um gjalddaga og gjaldfrest.

- 3.1. Bæjarráð setur reglur um gjalddaga við hverja úthlutun lóða og tekur ákvörðun um gjaldfrest.
- 3.2. Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á samanber lög nr. 51/1974, og gengur það ásamt vöxum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. mars 1975.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

7. mars 1975.

Nr. 83.

## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjald A í Ísafjarðarkaupstað.

#### 1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Bæjarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.
- 1.2. Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu fyrir bundið slitlag.
- 1.3. Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjaldið samkvæmt gjaldskrá, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni, sbr. þó grein 1.5.
- 1.4. Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breyta notkun þess, þannig að húseignin eða endurbyggingu húsnæðis, sem hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismuni á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.
- 1.5. Hafi byggingarleyfi verið veitt í bygginganefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.
- 1.6. Lóðin er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu hennar, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélagsins síðar, vegna ástands hennar. Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum svo og öðrum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma og settar kunna að verða.

#### 2. Gjaldstofn.

- 2.1. Upphæð gatnagerðargjalda skal miðast við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar per rúmmetra „visitöluhússins“. Gjaldskráin er því háð visitölu byggingarkostnaðar og skal breytast árlega.